

Selfossi, 15. maí 2008  
0804158 AI

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
105 Reykjavík

**Efni: Umsögn vegna framkvæmdaráætlunar á sviði barnaverndar**

Á fundu félagsmálanefndar Árborgar þann 11. febrúar var tekin fyrir stefnumarkandi áætlun félagsmálaráðuneytisins og Barnaverndarstofu. Eftirfarandi var bókað:

*Félagsmálanefnd Árborgar fagnar drögum um stefnumarkandi áætlun 2007-2010 á sviði barnaverndar sem gerð var á vegum félagsmálaráðuneytisins og barnaverndarstofu. Þarna er að fjnna mörg úrræði sem munu nýtast börnum og fjölskyldum þeirra. Þá telur Félagsmálanefnd Árborgar jákvætt að efla eigi fósturforeldra með því að bjóða þeim upp á framhaldsnámskeið í Foster Pride. Félagsmálanefnd vill einnig koma því á framfæri að tryggt verði að öll sveitarfélög í landinu hafi jafnan aðgang að úrræðunum. Mikilvægt er að skilgreina kostnað á milli ríkis og sveitarfélaga.*

f.h. félagsmálanefndar Árborgar



Anný Ingimarsdóttir  
verkefnisstjóri félagslegrar ráðgjafar